

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi þjónustusvæðis og um deiliskipulag Borgar í Grímsnes- og Grafningshreppi.

*a) Breyting á deiliskipulagi þjónustusvæðis við Þrastarlund.*

Breytingin felst í að komið er fyrir sjálfsafgreiðslustöð við Þrastarlund og núverandi bensínafgreiðsla fjarlægð. Afmörkun svæðis og vegur innan þess breytist lítilsháttar og gámasvæði er flutt til.

*b) Deiliskipulag íbúðarhverfis á Borg.*

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir 48 nýjum íbúðarlóðum, 20 einbýlishúsalóðum og 28 parhúsalóðum.

Einnig er gert ráð fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi, skóla, sundlaug og íþróttahúsi ásamt iðnaðarhverfi fyrir léttan iðnað.

Deiliskipulag fyrir Borg frá 3. maí 2000 með síðari breytingum fellur úr gildi.

Erindi þessi hafa fengið meðferð samkvæmt 25. gr. og 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Grímsnes- og Grafningshreppi, 23. september 2005.*

**Margrét Sigurðardóttir** sveitarstjóri.